

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aukna notkun endurskinsmerkja og fræðslu um mikilvægi þeirra

Á fundi borgarráðs sem haldinn var 23. janúar 2020 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi tillögu:

Flokkur fólksins var nýlega með tillögu þess efnis að Reykjavíkurborg gefi grunnskólabörnum í Reykjavík endurskinsmerki. Með slíkri gjöf væri borgin að stuðla að auknu öryggi barna í umferðinni. Einstaklingur með endurskinsmerki sést fimm sinnum fyrr þegar það lendir í ljósgeisla bíls miðað við þann sem er ekki með endurskinsmerki. Tillagan var felld. Flokkur fólksins leggur til í framhaldinu að skóla- og frístundarráð í samvinnu við skólasamfélagið leiti leiða til að hvetja til aukinnar notkunar endurskinsmerkja og auka fræðslu til að tryggja enn frekari umferðaröryggi barna. Öryggi barna í umferðinni er víða ábótavant í borginni og kemur m.a. til vegna þess að skipulagsyfirvöld vilja ekki lagfæra umferðaragnúa þar sem þeir eru verstir og skapa mögulega slyshættu. Sem dæmi mætti öryggi með bættari ljósaþýringu og fjölgun göngubrúa þar sem þeim verður við komið. Umferðarmannvirki í borginni hafa tekið litlum sem engum breytingum um árabíl og engan vegin verið tekið nægjanlegt tillit til aukinnar umferðar ásamt fjölgun íbúa. Það þolir enga bið að hugað verði að velferð gangandi vegfarenda. Börnin eru í sérstakri hættu, þau sjást verr og skynjun þeirra á umhverfinu ekki fullmótuð.

Skóla- og frístundasvið tekur undir mikilvægi þess að leitað verði leiða til að hvetja til aukinnar notkunar endurskinsmerkja í skóla- og frístundastarfi borgarinnar og að auka fræðslu um umferðarmál enn frekar til að tryggja eins og verða má umferðaröryggi barna.

Í minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs sem lagt var fram á 179. fundi skóla- og frístundaráðs sem haldinn var 11. febrúar 2020 kemur fram að í flestum grunnskólum borgarinnar sé umferðarfræðsla tekin fyrir með skipulögðum hætti í 1. – 4. bekk. Á miðstigi grunnskóla er t.d. unnið með umferðarreglur á haustin og vorin og þá aðallega í tengslum við hjólreiðanotkun. Á unglingastigi eru dæmi um að fjallað sé um notkun á vespum og hjálmum en einnig boðið upp á valnámskeið um undirbúning fyrir ökunám fyrir nemendur 10. bekkjar.

Lagt er til að send verði hvatning til starfsmanna skóla- og frístundastarfs í upphafi næsta skólaárs til að minna á mikilvægi fræðslu um umferðarmál og notkun endurskinsmerkja í því samhengi. Einnig verði foreldrar hvattir til að taka þátt í að stuðla að notkun endurskinsmerkja barna sinna eins og kostur er.

Mælt er með að þeim þætti tillögunnar sem varðar umferðamannvirki sé vísað til USK.